

Styrkveitingar á vegum erfðanefndar landbúnaðarins

Meginhlutverk erfðanefndar landbúnaðarins er að vinna að varðveislu og sjálfbærri nýtingu erfðaaauðlinda í landbúnaði. Í því skyni hefur nefndin ákveðið að verja fjármunum í að styrkja einstök afmörkuð verkefni sem falla að því hlutverki. Vísað er til stefnumörkunaráætlunar erfðanefndar varðandi nánari áherslur nefndarinnar, sjá vefsíðu nefndarinnar; www.agrogen.is. Lögð er áhersla á að styrkja verkefni á eftirfarandi sviðum:

- rannsóknir er lúta að varðveislu og viðhaldi á erfðaaauðlindum í landbúnaði.
- lokaverkefni til prófs á háskólastigi er tengjast varðveislu og/eða nýtingu á erfðaaauðlindum í landbúnaði.
- aðgerðir sem stuðla að sjálfbærri varðveislu og/eða nýtingu erfðaaauðlinda í landbúnaði.
- kynning og fræðsla fyrir almenning um erfðaaauðlindir í landbúnaði og gildi þeirra.

Einstaklingar og félagasamtök eru hvött til að sækja um styrki til verkefna sem hafa það að markmiði að stuðla að varðveislu og/eða sjálfbærri nýtingu innlendra erfðaaauðlinda í landbúnaði. Að jafnaði verða veittir styrkir á bilinu kr. 200 - 900 þús. Sérstök eyðublöð má finna á heimasíðu erfðanefndar www.agrogen.is. Umsóknum skal skilað til Birnu Kristínar Baldursdóttur, Landbúnaðarháskóla Íslands, Hvanneyri, 311 Borgarnes (birna@lbhi.is) fyrir 8. maí 2020.

Reglur um styrkveitingar á vegum erfðanefndar landbúnaðarins

Um verkefni sem erfðanefnd landbúnaðarins ákveður að veita styrkjum til gilda eftirfarandi reglur:

- Fyrsti hluti styrks (75%) er greiddur út þegar sýnt hefur verið fram á að verkefnið sé hafið.
- Lokagreiðsla (25%) er greidd þegar lokaskýrslu hefur verið skilað og miðað er við að verkefnum ljúki innan tveggja ára, nema annað komi fram í umsókn.